

Þriðjudaginn 8. júlí 1997.

Nr. 284/1997. **Ákærvaldið**
(Sigurður Gísli Gíslason ftr.)
gegn

Rúnari Kolbeini Óskarssyni
(Pétur Gautur Kristjánsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 30. júní 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 1. júlí sl. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Krefst varnaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Sóknaraðili krefst staðfestingar úrskurðar héraðsdóms.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 30. júní 1997.

Ár 1997, mánudaginn 30. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Ingvaldi Einarsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Ríkissaksóknari hefur krafist þess með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, að Rúnari Kolbeini Óskarssyni, kt. 250757-4179, Laugavegi 60, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi, uns dómur gengur í máli hans, þó eigi lengur en til þriðjudagsins 2. september 1997 kl. 16.00. Ákærði er grunaður um brot gegn 173. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 64/1974.

Ákærði hefur setið í gæsluvarðhaldi frá 13. desember 1996, en gæsluvarðhaldsvist hans hefur verið framlengd fimm sinnum með úrskurðum Héraðsdóms Reykjavíkur, síðast með úrskurði, kveðnum upp 2. júní sl., en þá var honum gert að sæta framhaldi gæsluvarðhalds á grundvelli 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til 30. júní 1997.

Lögreglan hefur frá 11. desember 1996 rannsakað stórfelld brot á fíkniefnalöggjöf. Talið er, að um sé að ræða eitt umfangsmesta fíkniefnamál, sem hafi komið upp hér á landi. Rannsóknin hefur leitt í ljós, að flutt hafa verið til landsins 25 kíló af hassi, 3 kíló af amfetamíni og allt að 600 e-töflur (MDMA).

Í ákæru er ákærða m. a. gefið að sök að hafa tekið við frá meðákærðu Albart Jan van Houten og Láru Dís Sigurðardóttur samtals um 13 kílóum af hassi, um 2 kílóum af amfetamíni og 500-600 töflum af MDMA og að hafa haft efnin í vörslum sínum, ráðstafað hluta þeirra og neytt hluta þeirra. Hann hefur játað að hafa tekið við 10,4 kg af hassi af meðákærða Albart Jan van Houten og einnig að hafa tekið við 482 töflum af MDMA og 300 gr af amfetamíni af Láru Dís Sigurðardóttur og að hafa haft efnin í vörslum sínum á þáverandi dvalarstöðum sínum.

Með hliðsjón af framansögðu, gögnum málsins og því, hversu miklu magni fíkniefna ákærði hefur viðurkennt að hafa tekið við og haft í sínum vörslum, þykir sterkur grunur liggja fyrir um, að ákærði hafi brotið gegn 173. gr. a almennra hegningarlaga. Þar sem um svo alvarlegt brot er að ræða sem stórfellt fíkniefnamisferli, verður með skírskotun til framangreinds og vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 að fallast á kröfu ríkissaksóknara, eins og nánar greinir í úrskurðarorði.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ákærði, Rúnar Kolbeinn Óskarsson, sæti áfram gæsluvarðhaldi frá gæsluvarðhaldi því, sem rennur út kl. 16.00 í dag, uns dómur gengur í máli hans, þó eigi lengur en til þriðjudagsins 2. september 1997 kl. 16.00.
